

Verkfærakista - tæknistudd kennsla -

Upplýsingar um ýmis hentug verkfæri fyrir fjarnám/kennslu þar sem mærkmiðið er að nemendur geti stundað nám sitt hvar sem er og hvenær sem er. Verkefnið var unnið af Austurbrú ses. og Verkmenntaskóla Austurlands veturinn 2014-2015 og styrkt af Þróunarsjóði framhaldsfræðslu. Verkfærakista þessi er hluti af lokaskýrslu verkefnisins.

Lilja Guðný Jóhannesdóttir

15. September 2015



AUSTURBRÚ

þekking - þróun - þjónusta



Kennsluvefur

<http://www.kennsluvefur.is/>

Kennsluvefurinn var notaður sem námsumhverfi í verkefninu en bæði Austurbrú og Verkmenntaskóli Austurlands eru aðilar að rekstri hans. Vefurinn hefur ýmsa góða kosti, s.s. að hann veitir nemendum góða yfirsýn yfir hverja viku í náminu og auðvelt er að miðla efni milli nemenda og kennara. Einnig býður vefurinn upp á ýmsa möguleika, s.s. endurgjöf, próftöku, hópaskiptingar og ótalmargt fleira.

Microsoft Expression Encoder 4

Upptökuforrit sem er sótt frítt á Netið hér:

<http://www.microsoft.com/en-us/download/details.aspx?id=18974>



Kostir:

- Einfalt forrit sem auðvelt er að læra á
- Talsvert af leiðbeiningum á YouTube
- Ágætis möguleikar varðandi stillingar á upptökunni sjálfri
- Auðvelt að breyta upptökuskránni yfir á margvísleg form

Gallar:

- Tekur frekar langan tíma að umbreyta (encode) upptökum
- Námsmenn áttu í nokkrum erfiðleikum með að opna upptökur

Powerpoint

Kostir:

- Fylgir með Office pökkum sem flestir eru með í tölvunum sínum
- Mjög einfalt í notkun og mikið af leiðbeiningum á Netinu
- Þarf ekki að taka allt upp í einu, auðvelt að brjóta fyrirlestur upp



Gallar:

- Getur orðið erfitt að opna alla möguleika ef viðtakandi er með eldri útgáfu af forritinu en sá sem tók upp

Jing

Upptökuforrit sem er sótt frítt á Netið hér:

<https://www.techsmith.com/jing.html>



Kostir:

- Afar einfalt í notkun
- Upptökum er hlaðið sjálfvirkt á Netið og notandi fær sendan hlekk sem hægt er að senda viðtakendum
- Allir áttu auðvelt með að opna upptökurnar
- Forritið er einnig hægt að nota í skjáskot (screenshot)

Gallar:


- Takmarkað rými fyrir upptökur þegar ókeypis útgáfa er notuð – því þarf fljótt að leggja í kostnað við hýsingu / bandvídd.

Educreations App

www.educreations.com

Fyrir iOS stýrikerfi

Hægt að nota frítt, en með því að kaupa aðgang er hægt að auka gagnamagn.



Kostir:

- Mjög einfalt að taka upp og deila efni
- Hægt að taka myndir og vinna með þær
- Þægilegt að vinna í ipad
- Góð tenging við önnur forrit t.d. Vimeo, Facebook og Dropbox
- Sparar „snjalltöflu“ í kennslustofur
- Hægt að lesa inn Word og Powerpoint skjöl og forritið greinir blaðsíðu- og glæruskil

Gallar:

- Gagnamagn í ókeypis útgáfu lítið
- Þarf talsverða æfingu til að verða sæmilega skrifandi á ipad
- Getur verið tímafrekt að vista myndbönd eftir upptökur

Camtasia

<https://www.techsmith.com/camtasia.html>

Kostir

- Auðvelt að klippa myndbönd
- Skjárinn er tekinn upp og hægt er að sýna mismunandi aðgerðir

Gallar

- Nokkuð flókið að koma frá sér skrá, til þess þarf sérstakt forrit
- Kaupa þarf aðgang að forritinu



Lync

Forrit sem fylgir með Microsoft Office 365. Ef hann er ekki til staðar er hægt að finna viðbót (plug-in) fyrir Lync á Netinu.



Kostir:

- Lync talar við Outlook póstforritið og því er auðvelt að skipuleggja og boða fundi með hjálp dagbókanna
- Þegar fundur er stofnaður fær verður til slóð sem er hægt að senda öðrum fundarmönnum og þeir þurfa því ekki að leita að fundinum – heldur dugar að smella á slóðina
- Hægt að stofna fund sem ekki hefur tímamörk – fundinn er því hægt að hafa opinn t.d. heila önn fyrir smærri fundi
- Auðvelt að deila skjánum með öðrum
- Virkar vel til að ná fram lifandi kennslu

Gallar:

- Þeir sem ekki hafa Lync í tölvunni hjá sér sem hluta af Office pakka geta lent í vandræðum með hljóð og mynd
- Getur verið mjög erfitt að finna út hvað veldur því að ekki er hægt að sjá og heyra

Facebook



Kostir

- Mjög auðvelt fyrir námsmenn að sækja sér aðstoð ef eitthvað gengur ekki - yfirleitt er hægt að treysta á aðra heimilismenn
- Býður upp á marga möguleika með innsetningu á skrá (tekur við öllum skrá sem prófaðar voru)
- Námsmenn eru kunnugir á kerfinu og því er auðvelt að fá þá til að nota það til að hafa samskipti

Gallar

- Tímaröð: allt efni sem fer inn á síðurnar raðast í tímaröð og því getur verið erfitt að halda utan um það
- Hefur ekki mikla fyrirframgefna ramma og því auðvelt að missa hlutina útum allt
- Það sem fer inn á facebook er eign facebook.com og það er því ekki í höndum kennara, eða hvers sem setur inn efni, hvað gert er við það

Google Drive



<https://www.google.com/drive/>

Google Drive býður upp mikla möguleika til að miðla skjölum af ýmsum toga og einnig fyrir samvinnu „án landamæra“. Frábær möguleiki í fjarkennslu. Hægt að vinna við ritvinnslu, töflureikni og glærुकynningar í umhverfi sem er mjög líkt Microsoft Office umhverfinu. Með aðgangi að Google Drive fæst einnig 15 GB skýjahirsla endurgjaldslaust. Hægt er að nálgast gögnin hvort sem er í tölvum eða snjalltækjum.

Explain Everything



<http://explaineverything.com/>

Smáforrit (app) fyrir hvort sem er iOS eða Android stýrikerfi. Er afar hentugt í notkun við upptökur og auðvelt að miðla efli áfram til nemenda.

TitanPad

<https://titanpad.com/>



TitanPad er veflægt ritvinnsluskjal. Margir geta skrifað í einu, hægt að hafa opið eða lokað, einnig hægt að læsa með lykilorði. Engin innskráning.

Padlet

<https://padlet.com/>



Veflæg „korktafla“. Margir geta skráð í einu, hægt að hafa opið, lokað og læst. Engin innskráning.

Sway

<https://sway.com/>



Margmiðlunarforrit sem nemendur geta notað til að tjá hugmyndir sínar á nýjan hátt – virkar „þvert“ á tæki. Hér má lesa um Sway: <http://salvor.is/?p=346>

PowToon

<http://www.powtoon.com/>



PowToon er veflægt forrit til að gera afar líflegar glærुकynningar. Þegar kynningin er klár er hægt að gera úr henni upptöku sem auðvelt er að miðla til nemenda.

Prezi

<https://prezi.com/>



Líflegt og skemmtilegt veflægt kynningarforrit. Auðvelt að deila kynningunum. Ókostur er þó sá að nú þarf að greiða fyrir allar áskriftarleiðir að Prezi.

SlideShare

<http://www.slideshare.net/>



Með SlideShare geta nemendur eða nemendur og kennarar auðveldlega deilt kynningum á milli sín.

WeTransfer

www.wetransfer.com



wetransfer

Þægileg leið til að deila t.d. myndum eða öðru slíku sem gjarnan er of stórt fyrir vefpóst.